Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík, Iceland
Sími/Tel. +354 514-4200
www.hsi.is hsi@hsi.is
kt: 590169-4049

**68. ársþing HSÍ haldið á Grand hótel 5. apríl 2025**

# Þingskjal nr: 8

**Breytingar á lögum HSÍ:**
**Fluttningsaðili: Laganefnd HSÍ**

**41. gr. Dómsniðurstöður.**

Dómstólar HSÍ geta í dómsorði, auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:

1. dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra
2. ákveðið hver ber kostnað af framkvæmd leiks ef það ber að endurtaka þá
3. ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum sem renna til HSÍ
4. ákveðið sektir á aðildarfélög sem renna til HSÍ
5. málskostnað ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus

Þær refsingar sem dómstólar HSÍ geta beitt eru:

1. áminning
2. vítur
3. svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan handknattleikshreyfingarinnar
4. óhlutgengisúrskurður sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan handknattleikshreyfingarinnar um stundarsakir eða ævilangt
5. aðrar refsingar er lög eða reglur HSÍ tiltaka

~~Niðurstöður dómstóla HSÍ sem fela í sér óhlutgengisúrskurð skal skotið til dómstóls ÍSÍ í samræmi við 38. gr. laga ÍSÍ.~~

Greinargerð

Óþarft er að veita heimild til að skjóta úrskurði til dómstóls ÍSÍ þar sem HSÍ er með sinn dómstól og áfrýjunardómstól og gera lög ÍSÍ ekki kröfu um það.